



Alþingi
Erindi nr. P 143/1770
komudagur 5.5.2014

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík 5. maí 2014

1405003SA TP
Málalykill: 401

Efni: Frv. til laga um örnefni - 481. mál 143. lþ.

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 11. apríl sl., þar sem ofangreint þingmál var sent Sambandi Íslenskra sveitarfélaga til umsagnar.

Sambandið hefur átt aðkomu að undirbúningi málsins og lýsir yfir stuðningi við að það nái fram að ganga á þessu löggjafarþingi. Brýnt er orðið að gera breytingar á núgildandi lagaumhverfi og færa fyrirkomulag skráninga og stjórnsýslu til nútímalegs horfs. Að mati sambandsins skapar sú þróun margvísleg tækifæri og hagræðingarmöguleika fyrir sveitarfélög og önnur stjórnvöld. Eftir því sem best verður séð mun sá ávinningur veða upp þá vinnu sem leggja verður í – meðal annars af hálfu sveitarfélaga – við að ljúka innleiðingu svonefndra staðfanga í opinberri stjórnsýslu.

Nánar um frumvarpið

Meðal þeirra nýmæla sem fram koma í frumvarpinu er að öllum sveitarfélögum er falin ábyrgð á nafngiftum staðfanga. Þetta hlutverk er í samræmi við þá skipan sem verið hefur við lýði þar sem sveitarfélög hafa komið að fasteignaheitum. Hlutverkið er síðan útvíkkað í 7. gr. frv. þar sem fram kemur að viðkomandi sveitarstjórn hafi frumkvæði að nafngift nýrra náttúrufríbæra. Að mati sambandsins er hér um eðlilegt nýmæli að ræða sem samrýmist vel hlutverki sveitarfélaga sem staðbundin stjórnvöld.

Til þess að tryggja samræmi milli staðfanga og lögheimila er gerð tillaga um það í 3. tölul. 11. gr. frv. að tekið verði af skarið um að lögheimili manns sé jafnframt staðfang. Fram kemur í greinargerð að með þessu eigi að koma því til leiðar að skráning einstaklinga til heimilis sé ætíð á tiltekið staðfang.

Eftir því sem sambandið kemst næst hefur verið unnið að þeirri skráningu sem hér um ræðir og þannig að umrædd tenging milli lögheimilis og staðfangs geti komist á án verulegrar umsýslu. Hafa ber þó þann fyrirvara á að einhverja vinnu verður að leggja í að útrýma misræmi sem til staðar kann að vera. Leggja verður áherslu á að Þjóðskrá verði sem skráningarstjórnvaldi gert kleyft að ganga til þess verks.

Jafnframt er áréttað að hér er um að ræða skref í þróun sem mikilvægt er að verði m.a. með því að tengja megi íbúa við íbúdir / heimili innan hvers húss sem auðkennt er með staðfangi. Þörf fyrir þessa tengingu er einkum til staðar í þéttbýli (þ.e. í fjölbýlishúsum) og hefur komið berlega í ljós í vinnu að undanfögnu við framtíðarskipan húsnæðismála, þar sem stefnt er að upptöku húsnæðisbóta. Þar er lykilatriði að greina megi stuðningsþörf heimila og að halda megi utan um þá sem halda sameiginleg heimili.



Hlutverk örnefnanefndar

Í II. kafla frv. er fjallað um skipan og hlutverk örnefnanefndar, en skv. 4. gr. mun starfssvið nefndarinnar hafa ýmsa snertifleti við stjórnslu sveitarfélaga.

Í greinargerð með frumvarpinu er ágætt umfjöllun um ólíkar leiðir að þeim markmiðum sem lagasetningu er ætlað ná. Sambandið lýsir sig sammála því að síðast nefnda leiðin (sú fjórða) sé vænlegust til árangurs, þ.e. að örnefnanefnd sinni tilteknu eftirlitshlutverki og að faglegum þætti starfseminnar sé sinnt af Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Jafnframt er lögð áhersla að þessir aðilar ríkisins séu ráðgefandi, m.a. gagnvart sveitarfélögum.

Samráð við setningu reglugerða

Svo sem fram kemur í greinargerð mun framkvæmd laganna að miklu leyti byggjast á reglugerðum og öðrum slíkum fyrirmælum. Þar sem sveitarfélögin munu gegna veigumiklu hlutverki í öllu verklagi er nauðsynlegt að tryggja samráð milli stjórnslustiga við allar stærri ákvarðanir og útfærslu þeirra. Af þeirri ástæðu er lagt til að inn í reglugerðarheimild skv. 2. tölul. 11. gr. frv. bætist orðin: að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Samsvarandi viðbót komi inn í lokamálslið 4. gr. frv.

Um kostnaðarmat

Í fylgiskjali I með frv. kemur fram að tilkoma staðfanga muni ekki hafa veruleg áhrif á útgjöld sveitarfélaga. Sambandið telur að þetta sé rétt metið gagnvart því hlutverki sveitarfélaga að annast nafngiftir og færslu staðfanga í gagnagrunn, sbr. hér að framan.

Hins vegar er ljóst að það mun útheimta umtalsverða vinnu að tryggja að skráning einstakra fasteigna og skráning einstaklinga til heimilis hér á landi verði ætíð á tiltekið staðfang. Verði niðurstaðan sú að frv. verði að lögum gengur sambandið út frá því að reglugerðir og nánara verklag um framkvæmd þeirra muni endurspegla þá skipan að ábyrgðin hvíli á Þjóðskrá sem skráningarstjórnvaldinu. Komi til verkaskiptingar milli Þjóðskrár og sveitarfélaga um skráningar verði jafnframt farið yfir kostnað og fjármögnun verkefnisins, eftir atvikum með því að sveitarfélög fái hlutdeild í skráningargjaldi sem Þjóðskrá leggur á allar nýjar fasteignir. Sveitarfélögin hafa lagt áherslu á að fá slíka hlutdeild í ljósi þess að skráning nýrra fasteigna er að stórum hluta unnin af starfsmönnum sveitarfélaga.

Að öðru leyti en hér greinir gerir sambandið ekki athugasemd við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason

sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs